

Leiðréttинг á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/383/EB frá 27. apríl 2004 um notkun afleiddra fjármálagerninga hjá verðbréfastjóðum (UCITS)

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 144 frá 30. apríl 2004)

Tilmæli 2004/383/EB verði svohljóðandi:

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/EES/10/16

2008/EES/10/16

frá 27. apríl 2004

um notkun afleiddra fjármálagerninga hjá verðbréfasjóðum (UCITS) (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 1541/1)

(2004/383/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 211. gr.,

fjárfestingarfélög skulu einnig nota aðferðir til að leggja nákvæmt og óháð mat á verðmæti afleiddra gerninga sem viðskipti fara fram með utan skipulegra verðbréfamarkaða. Samkvæmt þessum kröfum í tilskipun 85/611/EBE skulu aðildarríkin koma á fót viðunandi ramma fyrir áhættumat og -stýringu verðbréfasjóða. Í því skyni að greiða fyrir þróun slíks ramma og til að tryggja samræmdir aðferðir er æskilegt að leggja til sameiginlegar grundvallarreglur um áhættumat.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Meðal markmiða með breytingunum á tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum⁽¹⁾, sem komið var á með tilskipun 2001/108/EB⁽²⁾, var að gefa verðbréfasjóðum tækifæri til að fjárfesta í fleiri tegundum fjármálagerninga og gera verðbréfasjóðum kleift að nýta nútímafjárfestingaraðferðir. Þessi rýmkun, að því er varðar leyfilegar fjárfestingar, tekur ekki einungis til peningamarkaðsgerninga, bankainnlána eða hluta í verðbréfasjóðum og öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu. Verðbréfasjóðum er nú einnig heimilt að nota afleidda fjármálagerninga sem hluta af almennri fjárfestingarstefnu sinni og ekki eingöngu til að verja stöður sínar.
- 2) Annað markmið með þessum breytingum var að tryggja vernd fjárfesta. Með tilskipun 85/611/EBE og áorðnum breytingum er því komið á víðtæku kerfi til að takmarka áhættu. Í því skyni að tryggja að áhættan sem tengist nýjum flokkum fjármálagerninga, einkum að því er varðar afleiður, sé vöktuð, metin og henni stýrt á tilhlýðilegan og nákvæman hátt skulu rekstrar- eða fjárfestingarfélög nota traustar áhættumatsaðferðir undir eftirliti lögbærra yfirvalda. Einkum skulu þessar áhættumatsaðferðir gera þeim kleift að vakta, meta og stýra stöðuáhættu á hverjum tíma og hlut hennar í heildaráhættulýsingu verðbréfasafnsins. Rekstrar- eða
- 3) Samstarfsnefnd verðbréfasjóða komst að samkomulagi um kosti þess að semja grundvallarreglur sem aðildarríkin skulu taka mið af. Þessar reglur ættu að hjálpa aðildarríkjum að tryggja að fjárfestar fái jafnmikla og skilvirkja vernd alls staðar í Bandalaginu og að skapa jafna samkeppnisstöðu fyrir rekendur verðbréfasjóða og vörur sem falla undir reglur í mismunandi lögssagnarumdænum.
- 4) Með tilliti til heildaráhættumarka í tengslum við afleiður, sem sett eru fram í fyrsta undirlið 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EBE og hámarksþáttöku, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 36. gr. tilskipunarinnar, skal koma skýrt fram hver er leyfileg hámarksheildaráhætta verðbréfasjóðs.
- 5) Meta þarf heildaráhættu verðbréfasjóðs bæði á grundvelli vanskilaáhættu verðbréfasjóðsins og skuldsetningar vegna notkunar afleiddra fjármálagerninga. Því skal tryggja að markaðsáhætta verðbréfasjóðs sé metin á viðunandi hátt. Þess vegna er nauðsynlegt að mæla með aðferðum sem hægt er að nota við mat á markaðsáhættu með því að útskýra skilyrði fyrir beitingu eftirfarandi tegunda aðferða: staðfestuaðferð, vágildisgreining (VaR-aðferðin) og álagspróf.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálabjónumsta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 32, 23.6.2005, bls. 16..

(¹) Stjóð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjóð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).

(²) Stjóð. EB L 41, 13.1.2002, bls. 35.

- 6) Af sömu ástæðu er hagkvæmt að mæla með nokkrum atriðum varðandi aðferðina við að meta skuldsetningu samvals verðbréfasjóðs sem verður vegna notkunar afleiddra fjármálagerninga.
- 7) Samkvæmt öðrum undirlíð 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EBE skal ekki einungis taka mið af núvirði undirliggjandi eigna við útreikning áhættu verðbréfasjóðs heldur einnig mótaðilaáhættu, líklegri þróun fjármálamarkaða og ráðstöfunartíma til að ljúka stöðunum. Að því er varðar mótaðilaáhættu í tengslum við afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða er mælt fyrir um sérstakar kröfur í öðrum undirlíð 1. mgr. 22. gr. fyrrgreindrar tilskipunar. Með tilliti til þessara krafna er æskilegt að gera grein fyrir aðferðinni við útreikning á mótaðilaáhættu sem tengist afleiddum fjármálagerningum og hvernig hún tengist aðferðunum og viðmiðunum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópupingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana⁽¹⁾.
- 8) Samkvæmt þriðja undirlíð 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EBE skal taka áhættu undirliggjandi eigna afleidds fjármálagernings með í útreikningum á fjárfestingarmörkum útgefanda sem mælt er fyrir um í 22. gr. þeirrar tilskipunar. Í samræmi við sama ákvæði geta aðildarríkin veitt heimild til þess að þegar verðbréfasjóður fjárfestir í vísítölutengdum afleiðum þurfi þessar fjárfestingar samanlagt ekki að vera undir fjárfestingarmörkum útgefanda sem mælt er fyrir um í 22. gr. Þess vegna er rétt að mæla með stöðlum fyrir beitingu fjárfestingarmarka útgefanda að því er varðar afleidda fjármálagerninga.
- 9) Skortsala er öll þau viðskipti þar sem verðbréfasjóður stendur frammi fyrir þeirri áhættu að þurfa að kaupa verðbréf á herra verði en það er við afhendingu þeirra og tapar þar með á viðskiptunum og getur átt á hættu að geta ekki afhent undirliggjandi fjármálagerning við uppgjör viðskiptanna. Þessi áhætta á alltaf við þegar verðbréfasjóður neyðist til að kaupa verðbréf á markaði til að mæta skuldbindingum sínum. Í slíkum tilvikum stendur verðbréfasjóðurinn frammi fyrir þeirri áhættu að hann geti ekki staðið, í heild eða að hluta, við skuldbindingar símar samkvæmt skilmálum afleiðusamnings. Til að koma í veg fyrir alvarlegt fjárhagslegt tjón verðbréfasjóðs er kveðið á um í 42. gr. tilskipunar 85/611/EBE að almennt sé verðbréfasjóði óheimilt að stunda skortsölu. Í viðskiptum með afleidda fjármálagerninga með sömu fjárhagslegu eiginleika og skortsala er áhættan, sem almennt tengist skortsölu, hins vegar ekki alltaf jafn mikil. Því er rétt að útskýra hvað átt er við með skortsölu með tilliti til afleiddra fjármálagerninga og mæla með viðmiðunum sem gilda um tryggingu viðskipta með afleiður í því skyni að auðvelda samræmi við 42. gr.
- 10) Þessi tilmæli eru fyrsta skrefið í átt til sameiginlegs skilnings á aðferðum til að meta áhættu á svíði verðbréfasjóða. Aðferðir við að meta áhættu eru þó í stöðugri þróun. Því gæti verið nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða vegna Basel-samkomulagsins um fjármagn (Basel II-samningurinn) og væntanlegrar samsvarandi tilskipunar Bandalagsins um eiginfjákröfur banka og fjárfestingafyrirtækja.
- 11) Í þessum tilmælum er kveðið á um nokkra grunnþætti sem aðildarríkin skulu taka mið af við framkvæmd tilskipunar 85/611/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2001/108/EB. Athygli er vakin á því að með þessum tilmælum er ekki ætlunin að setja verðbréfasjóðum taemandi viðmiðunarreglur um notkun afleiddra fjármálagerninga heldur að leggja drög að nokkrum meginreglum sem líta má á sem nauðsynlegan grunn fyrir sameiginlegar aðferðir við áhættumat fyrir verðbréfasjóði.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

Aðildarríkin skulu beita eftirfarandi aðgerðum við framkvæmd tilskipunar 85/611/EBE:

1. Áhættumatskerfi sem eru lögð að viðeigandi áhættustefnu verðbréfasjóðsins

Við beitingu 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EBE er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau tryggi að rekstrar-eña fjárfestingarfyrirtæki noti áhættumatskerfi sem eru lögð að viðeigandi áhættustefnu verðbréfasjóðs í því skyni að tryggja að þau meti með nákvæmni alla verulega áhættu, sem tengist verðbréfasjóðnum, undir eftirliti lögbærra yfirvalda.

2. Samræmd túlkun á takmörkunum á áhættu verðbréfasjóðs

2.1 Takmarkanir á heildaráhættu verðbréfasjóða af afleiðum og almennri áhættu

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau tryggi að heildaráhættu, sem tengist afleiddum fjármálagerningum, fari ekki yfir 100% af verðmæti hreinnar eignar verðbréfasjóðsins og að almenn áhætta fari ekki yfir 200% af verðmæti hreinnar eignar til frambúðar.

⁽¹⁾ Stjtð. EB L 41, 13.1.2002, bls. 35.

2.2 *Takmarkanir vegna hugsanlegra skammtímalána*

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau tryggi að almenn áhætta verðbréfasjóðs sé ekki aukin um meira en 10% vegna skammtímalána svo að almenn áhætta verðbréfasjóðsins fari ekki í neinum tilvikum yfir 210% af hreinum eignum.

2.3 *Sameiginleg beiting 3. og 4. liðar*

Að því er varðar beitingu 100% markanna fyrir hámarkstap af afleiðum er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau sjái til þess að farið sé að ákvæðum 3. og 4. liðar.

3. *Staðlar sem eru aðlagaðir á viðunandi hátt til að meta markaðsáhættu*

3.1 *Aðferðir við áhættumat lagaðar að áhættustefnu verðbréfasjóðs*

Í samræmi við sérlegu meginregluna, sem um getur í 1. lið og komið er á með ákvæðum 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EØS, er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau heimili beitingu mismunandi aðferða fyrir viðkomandi flokka „einfaldra verðbréfasjóða“, sem hafa almennt færri og einfaldari stöður afleiðna, t.d. með notkun fárra einfaldra valréttu, og „flókna verðbréfasjóði“. Munurinn á þessum flokkum og nákvæm skilgreining þeirra krefst frekari vinnu í samræmi við lið 3.4. Þar til sú vinna hefur farið fram skulu aðildarríkin smám saman taka upp nákvæmari aðferðir við mat á áhættu á markaði í samræmi við liði 3.2 og 3.3.

3.2 *Einfaldir verðbréfasjóðir*

3.2.1 *Beiting staðfestuaðferðarinnar*

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau fari þess á leit að lögbær yfirvöld tryggi að markaðsáhættu í tengslum við einfalda verðbréfasjóði, sé rétt metin með beitingu staðfestuaðferðarinnar þar sem afleiðustöðum verðbréfasjóðs er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Við beitingu staðfestuaðferðarinnar skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum einnig taka mið af viðmiðunum á borð við almenna áhættu verðbréfasjóðsins vegna notkunar afleiddra fjármálagerninga, eðli, markmiði, fjölda og tíðni samninga, sem verðbréfasjóðurinn gerir, ásamt stjórnunaraðferðum sem beitt er.

3.2.2 *Tæknileg nákvæmni*

Þegar um valréttarsamninga er að ræða er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau heimili að deltastuðulsáðferðinni sé beitt en hún byggist á því að reikna hve mikil verðmæti valréttar breytist við minniháttar breytingu á verði undirliggjandi fjármálagerninga. Umbreyting framvirkra samninga, framtíðar- og

skiptasamninga skal byggjast á því hve nákvæmir undirliggjandi samninga eru í eðli sínu. Þegar um einfalda samninga er að ræða er oftast hægt að miða við markaðsverð samninganna.

3.2.3 *Hvatt til að íhuga frekari verndarráðstafanir*

Aðildarríki skulu íhuga hvort þörf sé á frekari verndarráðstöfunum í tengslum við beitingu staðfestuaðferðarinnar, s.s. viðeigandi hámarkstap sem tengist afleiddum fjármálagerningum sem eru undir 100% af hreinum eignum þegar um er að ræða einfalda verðbréfasjóði.

3.3 *Flóknir verðbréfasjóðir*

3.3.1 *Stöðluð notkun vágildisgreiningar ásamt álagsprófi*

Þegar um er ræða „flókna verðbréfasjóði“ er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau krefjist þess að rekstrar- eða fjárfestingarfélög noti vágildisgreiningu reglulega. Með vágildisgreiningu er metið mögulegt hámarkstap sem eignasafn verðbréfasjóðs getur orðið fyrir innan ákveðins tímaramma og með tiltekinni vissu. Þeim tilmælum er bent til aðildarríkjanna að þau skyldi rekstrarfélög eða fjárfestingarfélög til að beita einnig álagsprófum til þess að auðvelda stýringu áhættu sem tengist hugsanlegum og óeðillegum markaðshreyfingum. Álagspróf mæla hversu mikil áhrif fjármálalegir eða efnahagslegir atburðir geta haft á verðmæti eignasafns á ákveðnum tímapunkti.

3.3.2 *Hvatt til frekara framtaks í þróun sameiginlegra viðmiðunarstaðla*

Við notkun vágildisgreiningar er mælst til þess að aðildarríkin geri kröfu um að notaðir séu viðeigandi staðlar í samræmi við lið 3.1. Í þessu skyni skulu aðildarríkin hafa eftirfarandi færibreytur í huga sem hugsanleg viðmið: 99% öryggismörk, eins mánaðar eignartímabil og „nýlegt“ flökt, þ.e. að hámarki ári frá útreikningsdegi með fyrirvara um frekari prófanir lögbærra yfirvalda. Þegar frekari vinna aðildarríkjanna, í samræmi við lið 3.4., hefur leitt til sameiginlegra staðla skulu aðildarríkin einungis leyfa rekstrar- eða fjárfestingarfélögum að víkja frá þessum stöðum í einstökum tilvikum að því tilskildu að lögbær yfirvöld geri viðeigandi prófanir í samræmi við ákvæði liðar 3.3.3.

3.3.3 *Innri áhættumatslíkön*

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau samþykki einungis þau innri áhættumatslíkön, sem rekstrar- eða fjárfestingarfélag leggur til, sem eru háð viðeigandi verndarráðstöfunum þ.m.t. þær sem settar eru fram í þessum tilmælum. Viðkomandi líkön skulu vera háð viðeigandi mati lögbærra landsyfirvalda. Einnig er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau leggi fram skrá yfir líkön sem lögbæra innlenda yfirvaldið samþykkir og geri þau aðgengileg opinberlega á viðeigandi hátt.

3.4 *Tilmæli um að fylgja eftir frekara starfi*

Þar sem þessar áhættumatsaðferðir þarfnað frekari lagfæringa er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau hvetji lögþær yfirvöld sín til vinna frekar að þróun flóknari og háþróaðri áhættumatsaðferða og þróa þannig samleitna aðferð alls staðar í Bandalaginu. Þetta á einkum við um:

- a) viðmiðanir til að skilgreina flókna og einfalda verðbréfasjóði,
- b) umbreytingu afleiddra fjármálagerninga í samsvarandi undirliggjandi eignir og skuldajöfnun á stöðum sem liggja til grundvallar afleiddu fjármálagerningunum ef staðfestuaðferðinni er beitt,
- c) bestu starfsvenjur að því er varðar vágildisgreiningu og álagspróf,
- d) staðlana sem innri líkön verða að uppfylla til að verðbréfasjóðir geti notað þau.

4. **Staðlar sem eru aðlagaðir á viðunandi hátt til að meta skuldsetningu**4.1 *Beiting staðfestuaðferðarinnar*

Ef ekki eru fyrir hendi þær háþróuðu aðferðir, sem um getur í lið 4.2, er mælst til þess að aðildarríkin fari fram á að staðfestuaðferðinni sé beitt til að meta skuldsetningu verðbréfasjóðs samhliða vágildisgreiningu og álagsprófum sem krafist er vegna mats á markaðsáhættu þróaðra verðbréfasjóða skv. lið 3.3.

Þeim tilmælum er einnig beint til aðildarríkjanna að þau heimili rekstrar- eða fjárfestingarfélögum, sem beita staðfestuaðferðinni í samræmi við lið 3.2., að beita einnig staðfestuaðferðinni til að meta skuldsetningu.

4.2 *Hvatt til að heimila notkun þróaðri aðferða*

Að því tilskildu að eftirlitsyfirvöld séu þess fullviss að tiltekið rekstrar- eða fjárfestingarfélög hafi þegar þróað og prófað við-eigandi aðferð til að meta skuldsetningu með vágildisgreiningu og álagsprófum og að því tilskildu að rekstrar- eða fjárfestingarfélagið skjalfesti aðferðina á tilhlýðilegan hátt skulu aðildarríkin ihuga að viðurkenna það með tilliti til mats á skuldsetningu þegar um er að ræða þróaða verðbréfasjóði skv. lið 3.3. Í þessu skyni er sérstaklega mælst til þess að aðildarríkin ihugi aðferðir sem byggjast á samanburðarstaðli, s.s. niðurstöður úr vágildisgreiningu/álagsprófi viðeigandi viðmiðunarsafns, sem er í samræmi við fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs, eða niðurstöður úr vágildisgreiningu/álagsprófi viðeigandi viðmiðs.

4.3 *Tilmæli um að fylgja eftir frekara starfi*

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau taki tillit til þess að aðferðir við að meta skuldsetningu verðbréfasjóðs þarfnað frekari lagfæringa, einkum í tengslum við niðurstöður úr vágildisgreiningu/álagsprófi sem sýna hámarksgildi sem samsvarar heildaráhættu sem nemur 200% af hreinum eignum verðbréfasjóðs. Þau skulu því hvetja lögþær innlend yfirvöld til að vinna frekar að þróun háþróaðri og flóknari aðferða við að meta skuldsetningu í því skyni að þróa samleitna aðferð alls staðar í Bandalaginu.

5. **Beiting viðeigandi staðla og viðurkenndrar tækni við að draga úr áhættu til að takmarka mótaðilaáhættu**5.1 *Viðmiðanir fyrir takmarkanir á mótaðilaáhættu vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða*

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau sjái til þess að öll viðskipti með afleiður, sem teljast ekki hafa í för með sér mótaðilaáhættu, fari fram á verðbréfamarkaði þar sem greiðslujöfnunarstöðin uppfyllir eftirfarandi skilyrði: hún hafi nægilega efndaábyrgð, daglegt mat fari fram á markaðsviði afleiðustaða og tryggingarþekju sé viðhaldið a.m.k. daglega.

5.2 *Tilmæli um að nota hugsanlegt hámarkstap*

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau geri kröfu um að áhætta á hvern mótaðila vegna viðskipta með afleiður utan skipulegs verðbréfamarkaðar sé metin á grundvelli hugsanlegs hámarktaps sem verðbréfasjóður getur orðið fyrir vegna vanskila mótaðila en ekki á grundvelli hugsaðs verðmætis sammingsins.

5.3 *Hvatt til að nota sem fyrsta viðmið staðlana sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/12/EB*

Samkvæmt föstum varfærnistakmörkunum um magn, sem komið var á með tilskipun 2001/108/EB, er mælst til þess að aðildarríkin geri kröfu um mat á mótaðilaáhættu vegna viðskipta með afleiður utan skipulegs verðbréfamarkaðar í samræmi við markaðsviðmiðunina, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópupingsins og ráðsins 2000/12/EB⁽¹⁾, þrátt fyrir að þörf sé á viðeigandi verðlífkönum þegar markaðsverð liggar ekki fyrir. Aðildarríkin skulu einnig gera kröfu um að notuð sé útlánaígildaðferðin í heild sinni, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/12/EB, þ.m.t. frekari aðferðir til að endurspeglar hugsanlega framtíðaráhættu.

⁽¹⁾ Stjórd. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópupingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjórd. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).

5.4 Viðurkenning á tryggingu í því skyni að meta mótaðilaáhættu verðbréfasjóðs

5.4.1 Almennar viðmiðanir

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau heimili að trygging sé viðurkennd í því skyni að draga úr mótaðilaáhættu verðbréfasjóðs að því tilskildu að í samræmi við varfærnisreglurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/12/EB, og með tilliti til frekari þróunar:

- sé markaðsvirði tryggingarinna metið á hverjum degi og verðmæti hennar sé hærra en sem nemur fjárhæðinni sem er í húfi,
- sé tryggingunni einungis óveruleg áhætta búin (t.d. ríkisskuldabréf með besta lánshæfismat eða reiðufé) og sé auðseljanleg,
- sé tryggingin í vörslu þriðja aðila, sem tengist ekki þeim sem veitir trygginguna, eða að hún sé lagalega tryggð fyrir afleiðingum vegna vanskila tengds aðila,
- sé tryggingin að fullu og fyrirvaralaust aðgengileg verðbréfasjóðnum.

5.4.2 Hámark áhættusamþjöppunar

Í samræmi við meginregluna um áhættudreifingu er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau tryggi að mótaðilaáhætta tiltekins aðila eða samstæðu, að teknu tilliti til þess tryggingafjár sem aðilinn eða samstæðan leggur fram, fari ekki yfir 20% mörkin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 85/611/EBE, bæði á einstaklingsgrundvelli skv. öðrum undirlið 2. mgr. 22. gr. og á grundvelli samstæðunnar skv. 5. mgr. 22. gr. fyrrgreindrar tilskipunar.

5.5 Viðurkenning á skuldajöfnun

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau heimili verðbréfasjóðum að jafna út stöður í afleiðum utan skipulegs verðbréfamarkaðar gagnvart sama mótaðila að því tilskildu að þessar skuldajöfnunaraðferðir samrýmist skilyrðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/12/EB og að þær byggist á lagalega bindandi samkomulagi.

6. Beiting viðunandi aðferða við að setja takmarkanir á áhættu útgefanda

6.1 Aðlögun áhættumatsaðferða að tegundaflokkun afleiðnanna

Þar sem kveðið er á um það í fjórða undirlið 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EBE að ef hámark fjárfestinga útgefanda á að taka til afleiddra fjármálagerninga, eins og gert er ráð fyrir í 22. gr., skuli umbreyta þeim í samsvarandi undirliggjandi stöður og er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau krefjist þess að notaðar séu aðferðir sem hæfa viðkomandi

tegund gernings. Aðildarríkjum er t.d. heimilt að leyfa beitingu deltastuðulsaðferðarinnar að því er varðar valréttarsamninga. Ef þessi viðkomandi afleiddu fjármálagerningar eru of flóknir til að þessi aðferð eigi við eða sé teknilega möguleg er aðildarríkjunum heimilt að leyfa beitingu aðferðar sem byggist á hugsanlegu hámarkstapi sem tengist viðkomandi afleiðu sem hámarksmað á gjaldþolsáhættu.

6.2 Vísitölutengdar afleiður

Þegar aðildarríkin nýta ákvörðunarrétt sinn við beitingu valkosts í 3. undirlið 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EBE skulu þau taka tillit til þess hvort undirliggjandi vísitala afleidds fjármálagernings uppfylli kröfurnar í 22. gr. a í fyrrgreindri tilskipun. Við beitingu 2. mgr. 21. gr. og þriðja undirliðar 3. mgr. 21. gr. fyrrgreindrar tilskipunar er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau hafi í huga að almennt skal koma í veg fyrir að rekstrar- eða fjárfestingarfélög noti afleidda fjármálagerninga sem byggjast á vísitölu sem það hefur sjálf sett saman í því skyni að sniðganga hámark fjárfestinga útgefanda í 22. gr. Þeim tilmælum er einnig beint til aðildarríkjanna að þau hafi í huga að koma skal í veg fyrir að rekstrar- eða fjárfestingarfélög noti afleidda fjármálagerninga sem byggjast á vísítöllum sem eru ekki í samræmi við hámark fjárfestinga sem sett er í 22. gr. a tilskipunar 85/611/EBE.

6.3 Hámark áhættusamþjöppunar

Þeim tilmælum er beint til aðildarríkjanna að þau krefjist þess að rekstrar- eða fjárfestingarfélög leggi saman mótaðilaáhættu og útgefendaáhættu gagnvart sama aðila eða samstæðu við beitingu 20% takmarka á hreinni eign skv. öðrum undirlið 2. mgr. 22. gr. og 5. mgr. 22. gr. tilskipunar 85/611/EBE.

7. Beiting viðeigandi reglna varðandi tryggingar í viðskiptum með afleidda fjármálagerninga innan og utan skipulags verðbréfamarkaðar

7.1 Viðeigandi trygging þegar uppgjör fer ekki fram með reiðufé

Þegar afleiddur fjármálagerningur felur í sér, annaðhvort sjálfkrafa eða að ósk mótaðila, afhendingu undirliggjandi fjármálagernings í ápreifanlegu formi, er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að þau fari fram á að verðbréfasjóðir haldi undirliggjandi fjármálagerningi sem tryggingu í fjárfestingarsafni sínu.

7.2 Staðganga annarrar undirliggjandi tryggingar í undantekningartilvikum þegar uppgjör fer ekki fram með reiðufé

Ef annar undirliggjandi fjármálagerningur getur á viðunandi hátt samsvarað áhætta fjármálagerningsins, sem liggar til grundvallar afleiðunni, og ef undirliggjandi fjármálagerningurinn er auðseljanlegur skulu aðildarríki lhuga að heimila verðbréfasjóðum að nota aðrar auðseljanlegar eignir sem tryggingu í undantekningartilvikum að því tilskildu að unnt sé að nota þær hvenær sem er til að kaupa undirliggjandi fjármálagerning, sem skal afhenda, og að aukin markaðsáhætta, sem tengist slíkri tegund viðskipta, sé metin á fullnægjandi hátt.

7.3 Staðganga annarrar undirliggjandi tryggingar þegar uppgjör fer fram með reiðufé

Þegar afleiddi fjármálagerningurinn er gerður upp sjálfkrafa eða með valkvæðri peningagreiðslu af hálfu verðbréfasjóðsins skulu aðildarríkin lhuga hvort heimila skuli að verðbréfasjóðir þurfi ekki að eiga hinn tiltekna undirliggjandi gerning sem tryggingu. Í því tilviki er þeim tilmelum beint til aðildarríkjanna að þau hafi eftirfarandi flokka í huga sem viðunandi tryggingu:

- a) reiðufé,
- b) auðseljanleg skuldaskjöl (t.d. ríkisskuldabréf með besta lánshæfi) með viðeigandi verndaráðstöfunum (einkum skerðingu),
- c) aðrar auðseljanlegar eignir sem lögbær yfirvöld viðurkenna með tilliti til samsvörunar þeirra við undirliggjandi eignir afleiddu fjármálagerninganna, háð viðeigandi verndaráðstöfunum (t.d. skerðingu þar sem við á).

Með tilliti til beitingar 42. gr. tilskipunar 85/611/EBE skulu aðildarríki telja gerninga vera auðseljanlega þegar unnt er að breyta þeim í reiðufé innan sjö viðskiptadaga á verði sem er nálægt verðmati fjármálagerningsins á hverjum tíma á eigin markaði. Þeim tilmelum er beint til aðildarríkjanna að þau sjái til þess að viðkomandi fjárhæð sé til ráðstöfunar fyrir verðbréfasjóð á gjalddaga/lokadegi eða nýtingardegi afleidda fjármálagerningsins.

7.4 Útreikningur á tryggingu

Þeim tilmelum er beint til aðildarríkjanna að þau geri kröfu um að trygging sé reiknuð út samkvæmt staðfestuaðferðinni.

7.5 Eðli undirliggjandi fjármálagernings

Þeim tilmelum er beint til aðildarríkjanna að þau fari fram á að undirliggjandi fjármálagerningur afleidds fjármálagernings, hvort sem þeir leiða til uppgjörs í reiðufé eða afhendingar, auk fjármálagerningsins sem notaður er sem trygging, sé í samræmi við tilskipuning og eigin fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins.

7.6 Tilmeli um að ráðist sé í frekari sameiginlega vinnu

Að því er varðar tryggingu viðskipta með afleidda fjármálagerninga er þeim tilmelum beint til að aðildarríkjanna að þau hvetji lögbær yfirvöld til að tilgreina sameiginlega tegundarflokkun viðskipta með afleidda fjármálagerninga þar sem unnt er að greina áhættustefnu skortsölu.

8. Aðildarríkin eru beðin um að tilkynna framkvæmdastjórninni, ef kostur er, eigi síðar en 30. september 2004 um hugsanlegar ráðstafanir sem þau hafa gert í kjölfar þessara tilmæla og að þau tilkynni henni um fyrstu niðurstöður framkvæmdarinnar, eftir því sem þeim er unnt, eigi síðar en 28. febrúar 2005.

9. Þessum tilmelum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.